

Brave New Ballot - The Battle to Safeguard Democracy in the Age of Electronic Voting (2006)

Bókarhöfundur: Aviel D. Rubin

Bókarheiti: Brave New Ballot – The Battle to Safeguard Democracy in the Age of Electronic Voting

Gagnrýnandi: Haukur Arnþórsson

Útgáfa: Morgan Road Books, New York 2006, 304 bls.

ÁTÖK UM RAFRÆNAR KOSNINGAR Í BANDARÍKJUNUM

Um síðustu aldamót náðu hátindi sínum vonir og ótti um nýja möguleika upplýsingatækni til að breyta lýðræðinu. Þá urðu margir til að segja að lýðræðið eins og við þekkjum það væri komið að endimörkum sínum og að bein þátttaka almennings í stjórnmálum á Netinu væri framundan, meðal annars með rafrænum kosningum (e-voting). Hér á landi heyrðust þessar raddir.

Síðan þá hefur myndin af framtíðinni smám saman breyst og takmarkanir og möguleikar upplýsingatækninnar orðið ljósari. Nú, sex árum síðar, talar enginn lengur um rafrænt lýðræði, nema þeir sem hafa atvinnu af því, en mikið hófstílltara hugtak, rafræn þátttaka, berst fyrir viðurkenningu og tilverurétti sínum á takmörkuðum sviðum.

Framleiðsla rafrænna kosningavéla hófst fyrir meira en 10 árum og nú er svo komið að ríkir hagsmunir reka upplýsingaiðnaðinn áfram á því sviði. Ef tekin eru dæmi frá Bandaríkjunum þá greiddi Marylandfylki 55,6 milljónir dollara fyrir slíka lausn frá Diebold í mars 2004 (tæpa 4 milljarða kr.) og um líkt leyti fékk Ohiofylki 136 milljón dollara tilboð (tæplega 10 milljarðar kr.), einnig frá Diebold, en tók því ekki fyrr en síðar. Fæst fylki Bandaríkjanna hafa þó frestað innkaupum sínum og nú haustið 2006 hefur Diebold selt 36 fylkjum kerfi sín.

Rafrænar kosningar hafa hins vegar átt undir högg að sækja síðustu misseri, einkum eftir að svokölluð Hopkins/Diebold-skýrsla kom út árið 2003. Þá kom fram gagnrýni á öryggi rafrænna kosninga sem ekki var hægt að líta framhjá. Dr. Aviel D. Rubin, tölvunarfræðiprófessor við John Hopkins háskóla og sérfræðingur í tölvuöryggi, staðhæfði að rafræn kosningavél frá Diebold væri óörygg og biði uppá svik af ýmsum toga. Þá hafði hann skoðað forrit tveggja helstu móðela Diebold-kosningavélanna. Eftir að skýrslan kom út hafa verið stöðugar opinberar umræður um málefni rafrænna kosninga í Bandaríkjunum, töluvert um réttarhöld og nokkrir helstu leiðtogar umræðunnar eru orðnir heimsfrægir.

Ekki hefur dregið úr hita umræðunnar að Diebold-fyrirtækið greiðir í kosningasjóði Repúblíkanaflokksins og framkvæmdastjóri þess, Walden O'Dell, var virkur í baráttunni fyrir endurkjör Bush sem forseta árið 2004 og lýsti því yfir opinberlega að Bush myndi vinna í Ohio þar sem aðalstöðvar Diebold eru. Talið er að alltaf sé nokkuð um kosningasvik í Bandaríkjunum og full ástæða er til gagnrýnnar umræðu um kosningakerfi. Umræðan í Bandaríkjunum er pólitísk og flokkspólitísk og margir viðhafa stór orð um hlutverk kosninga og mikilvægi þeirra í lýðræðislegu ferli. Aktivistar sem lengst ganga í þessu sambandi tala um að þjóðaröryggi sé í húfi.

Fylgismenn rafrænna kosninga í Bandaríkjunum urðu aftur fyrir miklu áfalli 22. janúar 2004 þegar Pentagon dró til baka fyrirætlanir sínar um að Bandaríkjamenn erlendis kysu rafrænt með kerfi sem kallaðist SERVE Internet Voting Project í forsetakosningunum 2004. Kerfið byggðist á MS Windows tölvum. Kerfið var unnið af verktaka og kostaði um 22 milljónir dollara (eða 1,5 milljarð kr.). Aviel D. Rubin leiddi öryggisúttektina á því.

Bókin „Brave New Ballot“ fjallar um baráttu Rubins vegna Hopkins/Diebold-skýrslunnar á árunum 2003 og 2004 og að litlu leyti um SERVE-úttektina. Hann segir frá vinnu sinni og tveggja doktorsnema við að skoða forrit Diebold, kynningu niðurstaðna þeirra í fjölmiðlum og þátttöku hans á fundum með opinberum aðilum og fyrir rannsóknarnefndum fylkja og bandaríska þingsins. Hann fjallar um ráðstefnur sem hann sótti og deilur hans við einstaka nafngreinda opinbera starfsmenn, sem höfðu eytt milljörðum dollara af almannafé í kosningavélar og vörðu ákvarðanir sínar kannski umfram embættisskyldu, og við framleiðendur kosningavéla og samtaka atvinnurekanda. Síðast en ekki síst lágu leiðir Rubin í réttarsali þar sem skoðanaskiptin fengu á sig annað og amerískara svipmót.

Fyrir sjónir almennings koma ótrúlega fáar bækur og greinar eftir tölvunarfræðinga. Að ýmsu leyti er hlutverk þeirra í samtímanum þó stórt og væri gagnlegt að fá vandaðar úttektir á helstu málefnum upplýsingasamfélagsins frá fagmönnum. Brave New Ballot er undantekning frá þessu og frumkvæði Rubins eftirbreytnivert.

Bókin er létt og skemmtileg aflestrar og ætluð almenningi. Frásögnin er hófstíllt og andstæðingar Rubins virðast njóta sanngirni. Framan af er bókin persónuleg og höfundur segir frá því hvað hann hugsaði við ýmis tækifæri og segir frá fjölskylduaðstæðum sínum og áhyggjum af því að hann vanræki fjölskylduna. Þegar líða tekur á bókina er honum meira niðri fyrir og málefni taka öll völd.

Helsta stíleinkenni bókarinnar og það sem gerir hana skemmtilegri en ella er seinlæti höfundar við að tjá sjónarmið sín. Lesandinn bíður í ofvæni eftir að hann andmæli þeim sem á hann ráðast, að hann leggi mál sitt umbúðalaust á borðið svo að röksemdirnar blasi við og heimurinn verði skýr og einfaldur á ný. En oftast fær lesandinn að bíða. Sjónarmið höfundarins koma gjarnan fram í lok umræðu, eins og þau séu eitthvað sem allir vissu eða áttu að vita um allan tímann og tæpast var ástæða til að nefna. Þegar dregur að tvö hundruðustu blaðsíðunni eru gullkornin þó smám saman að tínast til, eitt og eitt í senn, á einföldu, ljósu máli og án málalenginga.

Rubin er ekki stjórnmálafræðingur og nálgun hans er frá tæknilegu hliðinni eins og við er að búast. Þegar kemur að leikreglum kosninga heldur hann sig við einfaldar og skýrar viðmiðanir sem treystir undirstöður málalíbúnaðar hans.

Hér verða ekki dregnar fram niðurstöður höfundarins en látið nægja að tæpa á nokkrum atriðum sem gefa mynd af því hvernig Rubin nálgast málefnið og hvað hann fjallar um.

Hann styður hugmyndir samtakanna Verified Voting Foundation um VVPB (voter-verified paper ballots). Hugsunin með „voter-verified“-kosningum er að kjósendi sjái, eftir að hann hefur kosið og áður en hann skilar atkvæðinu, hvernig hann greiddi atkvæði. Það er ekki hægt í eldra kosningakerfi í Bandaríkjunum og ekki í rafrænum kosningum. Það er hugmynd Rubins að kjósendi kjósi á blaði sem hann afhendir yfirvöldum og að blaðið sé varðveitt í einhvern tíma til að tryggja mögulega endurtalningu atkvæða sem kalla mætti að hefði einhverja merkingu (hér er átt við andstæðuna við endurtalningu rafrænna kosningavéla sem ekki hefur neina merkingu að dómi Rubins).

Hann telur í lagi að vera með rafræna kosningavél fyrir fatlaða og sjóndapra sem geti verið hluti af VVPB, vél sem hafi mjög notendavæna framhlið og prenti út atkvæði þannig að kjósendur geti staðfest að atkvæðið þeirra komst rétt til skila.

Rubin minnst á ýmis atriði í sambandi við kosningar sem liggja ef til vill ekki í augum uppi en eru mikilvæg. Þannig kemur ekki til greina að kjósendi fari af kjörstað með kvittun um það hvernig hann kaus. Ekki kemur heldur til greina að kjósendi geti rakið atkvæði sitt aftur til sín. Þessi tvö atriði hafa málsvarar rafrænna kosninga séð sem úrræði ef mistök verða í talningu og til að koma í veg fyrir svik í rafrænum kerfum en að mati Rubins geta þau valdið ýmiss konar spillingu, svo sem atkvæðasölu, og ógnað leynileika kosninga.

Þá flokkar Rubin hættur sem steðja að rafrænum kosningum. Þær eru annars vegar öryggisógnir og hins vegar áreiðanleiki búnaðar.

Öryggisógnir eru heildsölu- og smásölusvik og innri og ytri áhætta. Heildsölusvik er þegar svik taka til kosninga á mörgum kjörstöðum, til heils kjördæmis eða á landsvísu, meðan smásölusvik ná aðeins til eins kjörstaðar. Opinberlega hefur langmest verið fjallað um utanaðkomandi áhættu, en að rafrænum kosningum steðjar einnig innri hættu, frá forriturum og öðrum hjá framleiðenda búnaðar og frá aðilum sem halda kosningar, á hvaða stjórnstigi sem er.

Áhættu vegna áreiðanleika búnaðar þekkja allir, kerfi frjósa, það þarf að endurframkvæma skipanir og fleira. Enda þótt rafrænn kosningabúnaður sé tryggður eins og kostur er gagnvart rekstraráföllum er ljóst að rekstraráhættan er alltaf nokkur. Þetta atriði verður fyrirferðarmikið ef ræða á um kosningar yfir Netið.

Margir segja að kosningavélar muni batna með tímanum og verði að lokum öruggar, en þá er í rauninni aðeins átt við ytri áhættu. Rubin eyðir nokkru púðri í að sýna hvaða tjóni forritarar geta valdið og munu alltaf geta valdið þrátt fyrir staðfestingar og úttektir á keyrslukóða. Hann er þeirrar skoðunar að innri hættur verði alltaf til staðar.

Látum höfund bókarinnar hafa síðasta orðið: „... given these frightening possibilities [of fraud and

malfunction], paperless voting that allows for neither voter verification nor meaningful recounts poses an unacceptable risk“ (bls. 112).